

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um aðgerðaáætlun byggðaáætlunar.

1. *Hefur ráðuneytið skilgreint hvaða störf sé hægt að vinna utan ráðuneytisins í samræmi við aðgerðaáætlun byggðaáætlunar? Ef já, hver eru þau störf?*

Ráðuneytið hefur skilgreint störf sem við auglýsingu væri mögulegt að skilgreina án staðsetningar. Störfín eru ýmis sérfræðistörf sem nú þegar er sinnt í ráðuneytinu og metið er að mögulegt væri að vinna að fullu eða að hluta án staðsetningar. Þá er unnið að greiningu á störfum undirstofnana en henni er ekki lokið.

2. *Hve mörg störf er nú þegar búið að ráða í utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við aðgerðaáætlun byggðaáætlunar?*

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki ráðið í stöðugildi utan höfuðborgarsvæðisins. Ráðuneytið hefur horft yfir málefnasvið ráðherra og þar hafa verkefni verið flutt út á land. Þau störf hafa ekki verið auglýst án staðsetningar en hafa verið unnin í embættum á landsbyggðinni.

3. *Hefur ráðuneytið mótað sér áætlun til að uppfylla kröfu byggðaáætlunar um að 5% auglýstra starfa skuli vera án staðsetningar fyrir árslok 2021 og 10% fyrir árslok 2024?*

Ráðuneytið hefur ekki mótað sér áætlun til að uppfylla kröfu byggðaáætlunar um hlutfall auglýstra starfa sem skuli vera án staðsetningar. Ekki er ljóst hve mikil starfsmannavelta verður á árunum 2021–2024 eða hvort einhver aukning verður á starfslíði ráðuneytisins og því ekki hægt að gera sér grein fyrir því hvaða fjölda auglýstra starfa þurfi til svo að markmiðið verði uppfyllt. Þau störf sem auglýst verða á árunum 2021–2024 verða greind og auglýst án staðsetningar ef þau henta úrræðinu. Þá mun greining á störfum undirstofnana hjálpa til við að átta sig á umfangi starfa án staðsetningar í undirstofnunum dómsmálaráðuneytisins. Þegar þeirri greiningu lýkur mun ráðuneytið móta áætlun fyrir málefnasvið ráðherra til þess að uppfylla kröfur byggðaáætlunar.